



Mælingar í Kelduhverfi í október 2000

Gunnar Þorbergsson

Greinargerð GP-2000-01

2000-10-18

Mælingar í Kelduhverfi í október 2000

Sumarið 1984 var mælt langsnið frá rétt vestan Hóls í Kelduhverfi að mælistöð OS7227 nálægt Vörðuhóli á Axarfjarðarheiði. Haustið 2000 var ákveðið að mæla vatnsborð í Skjálftavatni og árborð Bakkahlaups í þessu sama langsniði og að auki nokkra punkta til viðbótar. Það var gert 15.-16. október 2000. Mælt var með hornamæli og Geódimeter, en stöðvar utan langsniðsins voru staðsettar með GPS-leiðsögutæki. Niðurstöður eru í eftirfarandi töflu, þar sem sama hæðarkerfi er notað og við mælingarnar 1984.

Hnit og hæðir mælipunkta í Kelduhverfi 2000

Nafn	Austur	Norður	Hæð	Ath
100	606058	621035	18.06	Boltabrot frá 1984
vbS1	606486	621294	6.12	Skjálftavatn suðvestan
vbS2	607352	621819	6.16	Skjálftavatn austan
vbB1	608781	622685	6.02	Bakkahlaup vestan, í sniði
vbB2	609596	623178	6.05	Bakkahlaup austan, í sniði
bk2	609656	623214	8.92	Bakkahlaup austurbakki, í sniði
vbB3	607506	623597	4.71	Bakkahlaup vestan
vbB4	607472	624883	3.64	Bakkahlaup austan
golf	614059	623994	15.0	Gólf á brú á Sandá
sand	614059	623994	10.3	Sandá undir brú
krok	607888	619272	7.47	Tjörn sunnan vegar í Hólskrök

Hnitakerfi Lamberts með viðmiðun ÍSN93. Hæðarkerfi er sama og við mælingar 1984.

Leggja þarf 0,35 m við þessar hæðir til að fá hæðir í hæðakerfi OS frá 1985.

Hnitaskrá þessa er einnig að finna á stað /os/g/KELD/2000/2000.kei.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Skjálftavatn mælist nú 0,15 m lægra en 1984.
- Í langsniðinu er hæð Bakkahlaups sem næst sama og Skjálftavatns.
- Í langsniðinu hefur áin brotið nokkra metra úr austurbakkanum, en nær nú 400 m lengra til vesturs en 1984. Láglandi var þar fyrir.
- Bakkahlaup fellur um 0,8 metra á kílómetra á a. m. k. 3 km kafla neðan langsniðsins.
- Mælistaðar vbB3 við girðingarenda á vesturbakka Bakkahlaups er 1,56 km neðan langsniðsins og þar var áin 1.3 m lægri en í langsniðinu. Um 550 m ofar, þar sem áin er að brjótast inn í Skjálftavatn, er hún um 0,8 m lægri en yfirborð Skjálftavatns.

Skársta hæðarkerfi í Kelduhverfi er samkvæmt fallmælingum Orkustofnunar 1985, en þá var m. a. mælt í stöðvum OS5754, OS5757 og OS5763. Þær stöðvar eru meðal GPS-stöðva, sem mældar voru sumarið 2000 (skýrsla ókomin).